

Dreifibréf til fyrirtækja í ferðaþjónustu, samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga og annarra sem málið varðar.

Reykjavík 19.7. 2013
Tilvísun: 201307-0131/3.02.00

Vinnuaðstæður leiðsögumanna í langferðabifreiðum

Á undangengnum mánuðum hafa Vinnueftirlitinu borist kvartanir vegna vinnuaðstæðna leiðsögumanna í langferðabifreiðum. Meðal annars hefur verið kvartað yfir:

- þrengslum og aðstöðuleysi. t.d. fyrir vinnugögn og hlífðarföt
- óþægilegum og illa staðsettum sætum og litlu fótarymi
- einhæfu álagi sem skapast við að þurfa að halda á mikrófön í stað þess að hafa handfrjálсан búnað og geta notað báðar hendur t.d. við uppfléttingar
- hávaða í bílum
- öryggisatriðum t.d. ófullnægjandi öryggisbeltum og vöntun á baksýnispeglum til að geta fylgst með farþegum

Atvinnurekendur skulu tryggja að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað í samræmi við *13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum*. Vinnueftirlitið beinir þeim tilmælum til forsvarsmanna fyrirtækja í ferðaþjónustu að þeir hugi strax að skyldu sinni að tryggja öruggar og heilsusamlegar vinnuaðstæður eigin starfsmanna og annarra sem kunna að starfa á vegum þeirra, sbr. *22. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum*.

Áhættumat og forvarnir á vinnustað

Í lögum nr. 46/1980 merkir vinnustaður *umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna*. Vinnueftirlitið leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi:

- Atvinnurekanda ber að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Það felur m.a. í sér ábyrgð á að gert sé áhættumat, þar sem meta skal áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Sjá nánar í VIII. kafla reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
- Í áhættumatinu skal skoða allar vinnuaðstæður og meta þær áhættur sem kunna að vera til staðar. Vinnueftirlitið hefur þróað aðferðir og verkfæri til gera áhættumat fyrir fjölmargar starfsgreinar, sjá <http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat/>.

Bent er á sérstakan vinnuumhverfisvísi fyrir *Fólksflutninga – bifreiðastjóra og leiðsögumenn* sem getur reynst gagnlegur við að greina áhættur í vinnuumhverfi þeirra, sjá <http://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/ahaettumat/vinnuumhverfisvisar/>

- Vinnueftirlitið býður upp á námskeið um áhættumat. Fyrirtæki geta einnig leitað aðstoðar hjá viðurkenndum þjónustuaðilum um gerð áhættumats. Upplýsingar um hvort tveggja er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Vinnueftirlitið hvetur fyrirtæki í ferðaþjónustu til að fara yfir vinnuaðstæður bifreiðastjóra og leiðsögumanna í bílum til að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og vinnuskipulag öllum til hagsbóta.

Á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, má nálgast lög og reglur er varða vinnuvernd ásamt leiðbeiningum og ýmsu fræðsluefni.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins,



Þórunn Sveinsdóttir
deildarstjóri



Leifur Gústafsson
fagstjóri áhættumats

Afrit:

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar
Samgöngustofa
Ferðamálastofa
Félag leiðsögumanna
Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið